



Drög að ársskýrslu 2006

Drög að ársskýrslu Menntaskólans á Ísafirði 2006

Stjórnendaskipti

Stjórnendaskipti urðu við Menntaskólann á Ísafirði á árinu. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari, Guðbjartur Ólason aðstoðarskólameistari og Guðmundur Þór Gunnarsson áfangastjóri létu öll af störfum eftir vorönnina.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir var ráðin skólameistari til eins árs, Jón Reynir Sigurvinsson aðstoðarskólameistari og Friðgerður Ómarsdóttir áfangastjóri einnig bæði til eins árs.

Ýmsum kennurum var falin aukin ábyrgð í formi **verkefnisstjórnar** og er sú ráðning til tveggja ára. Sviðstjórar eru: Guðmundur Þór Kristjánsson í verklegum greinum, Hallgrímur Hróðmarsson í stærðfræði, Hildur Halldórsdóttir í raungreinum, Hrafnhildur Hafberg í íslensku, Helga Guðmundsdóttir í erlendum tungumálum og Rúnar Helgi Haraldsson í samfélagsgreinum. Hann sér einnig um heimasíðu skólans. Emil Ingi Emilsson er umsjónarmaður starfsbrautar skólans og Stella Hjaltadóttir er félagsmála- og forvarnarfulltrúi.

Hugleiðing skólameistara

Er einhver munur á að stýra skóla á Ísafirði eða í Reykjavík? Í rauninni ekki hvað innra starfið varðar í aðalatriðum en þó eru ólíkar áherslur hvað námsframboðið varðar. Skólarnir í Reykjavík reyna að sérhæfa sig og eru í mikilli samkeppni um duglega nemendur. Í MÍ er áherslan á að hafa námsframboðið sem fjölbreyttast til að geta boðið sem flestum unglingum á þessu svæði nám við hæfi. Segja má að hér sé einnig samkeppni um duglega nemendur, bæði við atvinnulífið og skóla í öðrum landshlutum. Við viljum fá unglingana hér á svæðinu í skólann.

Varðandi umhverfi skólans tek ég eftir að áhugi og stuðningur samfélagsins hér er miklu meiri en ég hef áður kynnst. Það er greinilegt að menntaskólinn er mikilvægur fyrir íbúana í ýmsu tilliti. Það er auðvitað keppikefli að unglingar geti fundið framhaldsskólanám við hæfi nálægt heimili sínu, þurfi ekki leita langt í burtu að námi með tilheyrandi kostnaði og fjarvistum frá fjölskyldunni. Hér ráða einnig byggðasjónarmið, það er ekki eftirsóknarvert fyrir samfélagið að allir unglingarnir séu meira eða minna í burtu vetrarlangt. Einnig er skólinn stór vinnustaður og í atvinnulegu tilliti eftirsóknarverð stofnun á svæðinu.

Ýmis fyrirtæki og sjóðir styðja myndarlega við skólann m.a. með gjöfum til tækjakaupa. Nú á haustönninni gaf Félag járníðnaðarmanna tölvustýrðan rennibekk til notkunar í málmsmíði, Marel hf gaf nýjar uppfærslur á teikniforritum og tveggja ára notendaleyfi fyrir nemendahópin sem notar forritin og Vélvirkinn sf gaf efnisúttekt til vélsmíða.

Uppeldishlutverk skólans er óumdeilt. Skólinn reynir að byggja nemendur sína upp sem virka einstaklinga sem myndi sér rökstuddar skoðanir og gagnrýna hugsun, vinni verkin sín af samvirkusemi og taki ábyrgð að sjálfum sér. Við höfum unnið að því í haust að gera samkomur og ferðir nemenda áfengis- og vímuefnalausar. Þetta hefur í aðalatriðum tekist vel og stjórn nemendafélagsins sýnt mikinn samstarfsvilja. Ég hef valið að taka upp reglur sem viðhafðar eru á höfuðborgarsvæðinu varðandi dansleiki og eru þær nú að slípast og við vinnum að því aðlaga þær aðstæðum.

Nú í haust fór af stað **þjálfun afreksíþróttar við MÍ** að frumkvæði Hermanns Níelssonar íþróttakennara og í samstarfi við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Um 30 nemendur æfa og þjálfar hinar ýmsu afreksíþróttir samhliða náminu í skólanum. Þetta er mjög gott framtak hjá Hermann og kærkomið tækifæri fyrir margt ungt íþróttafólk hér. Framhaldsskólarnir eru margir að fara inn á þessa braut, að gera nemendum kleift að stunda afreksíþróttir samhliða framhaldsskólanámi.

Ný hugmyndafræði stjórnunar hefur rutt sér til rúms í skólunum eins og annars staðar. Sjálfstæði skólanna hefur aukist ár frá ári og okkur sem þar stjórnum og störfum verið falin ný verkefni og meiri ábyrgð. **Gerð stofnanasamninga** á grundvelli kjarasamninga er nýtt

verkefni í framhaldsskólum sem hófst á síðasta skólaári. Þarna stóðu allir reynslulausir á byrjunarreit, bæði stjórnendur og starfsmenn. Skipaðar voru samstarfsnefndir. Verkefnið var að færa alla starfsmenn í nýtt launakerfi, taka mið af áherslum í starfi skólans, sjá til þess að enginn lækkaði í launum og heildarhækkunin yrði innan tiltekinna marka. Þetta var flókið verkefni. Þeir sem að þessu unnu sóttu fræðslufundi og námskeið en fyrst og fremst var þetta innanhúsvinna. Verkið var langt komið er ég kom til starfa í haust en því var þó ekki lokið. Ég lagði mikla áherslu á að ljúka þessum samningum og samstarfsnefnd skólans bretti sannarlega upp ermarnar og gekk frá samningi milli skólans og Kennarasambands Íslands í ágúst.

Í samstarfsnefnd MÍ í haust voru af hálfu kennara: Tryggvi Sigtryggsson, Hrafnhildur Hafberg og Hermann Níelsson og af hálfu stjórnenda Gísli Halldórsson fjármálastjóri, Jón Reynir Sigurvinsson aðstoðarskólameistari, auk mín.

Einnig hefur verið gengið frá stofnanasamningi við SFR- starfsmannafélags í almannabágu.

Þessi samningar verða báðir endurskoðaðir fyrir 1. maí 2007.

Kennsluhættir eru óðum að breytast. Undanfarin ár hefur áherslan verið á **notkun upplýsingatækninnar í námi**. Nú eru skjávarpar og tölvur í öllum kennslustofum skólans. Þar er einnig þráðlaust net og geta nemendur notað sínar eigin fartölvur í skólanum.

Nýtt námsumsjónarkerfi, **Námskjárin**, var tekið í notkun í haust og hefur farið vel af stað, kennarar eru áhugasamir um notkun kerfisins og miðla þar heilmiklu efni til nemenda. Námið fer í síauknum mæli fram með verkefnavinnu nemendahópa og einstaklinga. Þannig viljum við undirbúa nemendur skólans undir framhaldsnám og störf þar sem hæfni í tölvunotkun og til góðrar samvinnu er mikilvæg.

Nú á yfirstandandi önn er verið að þróa **dreifnám** við skólann. Hugmyndin er að kennarar noti Námskjáinn til samskipta við nemendur í þeim mæli að nemendur geti stundað nám í tilteknum áföngum við skólann án þess að mæta í tíma. Þeir nemendur skila verkefnum og prófum í gegnum Námskjáinn, geta þar einnig verið með skriflegar umræður og fyrirspurnir í tölvupósti. Námskjárin verður að sjálfsögðu einnig fyrir þá nemendur sem sækja kennslustundir. Við teljum að með þessu móti muni skólinn ná til fleiri nemenda, þeirra sem að einhverjum ástæðum geta ekki sótt allar kennslustundir.

Nemendafjöldi

291 nemandi var skráður í dagskóla á vorönn og 35 í öldungadeild. 315 nemendur voru skráðir til náms á haustönn þar af 71 nýnemi. Ekki var starfrækt öldungadeild á haustönn.

Ársnemendur skólans voru að jafnaði 275 auk 6 sérdeildarnemenda.

Starfsmenn

Á vorönn störfuðu 34 kennarar við skólann og 9 aðrir starfsmenn auk skólameistara og aðstoðarskólameistara. Á haustönninni störfuðu 27 kennarar við skólann og 8 aðrir starfsmenn auk skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Útskrift

Alls voru útskrifaðir 93 nemendur á árinu. Vorið 2006 voru útskrifaðir 67 nemendur alls; 30 stúdentar, 3 vélstjórar, 1 húsasmiður, 14 sjúkraliðar, 18 félagsliðar og 1 af starfsbraut. Í desember útskrifuðust 26 nemendur; 10 stúdentar, 1 sjúkraliði, 1 með verslunarpróf og 14 af 1. stigi á vélstjórnarbraut.

Kennslumagn

Kennslumagn á vorönn var 651 kest/viku í dagskóla, 64 í sérkennslu og 24 í öldungadeild án álags. Kennslumagn á haustönn var 584 kest/viku í dagskóla og 57,7 í sérkennslu án álags. Reynt var að hagræða og spara í kennslumagni á haustönn vegna rekstrarhalla skólans.

Þróunarverkefni

Á vorönn 2006 var unnið **skólaþróunarverkefni** undir verkstjórn sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Þórkötu Aðalsteinsdóttur að tilstuðlan menntamálaráðuneytisins. Verkefninu lauk í október og nú á vorönninni verður lagt mat á það.

Skólinn tekur nú árlega þátt í **nemendaskiptaverkefni** með frönskum menntaskóla. Nemendahópur frá MÍ fór til Frakklands á vorönn 2006 og skólinn tók á móti nýjum 30 nemenda hópi frá Frakklandi í október s.l. Verður sú heimsókn endurgoldin í mars n.k..

Kennsla í formi **dreifnáms** er í þróun eins og áður er getið.

Sjálfsmat

Ný sjálfsmatsáætlun var unnin nú á haustönn og skilað til menntamálaráðuneytis í desember s.l. Sjá fsk. 1.

Heimasíða

Ný heimasíða skólans var tekin í notkun í desember. Útlit síðunnar er nýtt og hún þannig úr garði gerð að auðveldara er að setja inn efni og myndir en áður var.

Heimavist

Á vorönn voru 15 nemendur á heimavist skólans en 13 nemendur nú á haustönn.

Ljósíð

Útilistaverkið Ljósíð eftir Hrein Friðfinnsson var vígt á skólatorgi Menntaskólans 20. desember s.l. Einn af nýstúdentunum, Kristjana Þrastardóttir, afhjúpaði verkið. Það er tileinkað Jóni Sigurðssyni forseta.

Hjónin Marías Þ. Guðmundsson og Málfríður Finnsdóttir stofnuðu Minnisvarðasjóð Jóns Sigurðssonar til að koma upp listaverki á lóð MÍ. Ísafjarðarbær, Listskreytingasjóður ríkisins, Fasteignir ríkissjóðs og skólinn styrktu einnig málefnið myndarlega.

Rekstraryfirlit ársins 2006

Íslenska ríkið

Dags: 20-FEB-07 10:55:15

Rekstraryfirlit ársins fyrir Menntaskólann á Ísafirði

Núverandi tímabil: Allt árið

Dags: 20-FEB-07 10:55:15

2006 (13-06)

	Rauntölur ársins 2006	Áætlun ársins 2006	Mism (kr)	Mism (%)
Dagvinna	121.338.135	122.501.754	1.163.619	1,0
Vaktaálag	7.440	0	-7.440	n/m
Aukagreiðslur	3.327.061	0	-3.327.061	n/m
Yfirvinna	26.540.890	23.394.776	-3.146.114	-13,0
Launatengd gjöld	32.191.827	30.113.042	-2.078.785	-7,0
Laun samt.	183.405.353	176.009.572	-7.395.781	-4,0
Ferða- og dvalarkost. innanl.	1.269.861	0	-1.269.861	n/m
Ferða- og dvalarkost. erl.	67.500	2.341.960	2.274.460	97,0
Fundir, námskeið og risna	472.596	531.930	59.334	11,0
Akstur	677.870	271.176	-406.694	-150,0
Ferðir og fundir samt.	2.487.827	3.145.066	657.239	21,0
Tímarit, blöð og bækur	833.516	876.120	42.604	5,0
Skrifstofuvörur og áhöld	1.964.428	1.637.510	-326.918	-20,0
Aðrar vörur	2.899.962	2.783.767	-116.195	-4,0
Rekstraravörur samt.	5.697.906	5.297.397	-400.509	-8,0

Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	848.071	2.148.580	1.300.509	61,0
Önnur sérfræðipjónusta	6.698.851	5.162.850	-1.536.001	-30,0
Sími og ýmis leigugjöld	7.479.168	2.623.210	-4.855.958	-185,0
Prentun, póstur, augl., flutn.	1.912.969	1.840.390	-72.579	-4,0
Aðkeypt þjónusta samt.	16.939.059	11.775.030	-5.164.029	-44,0
Húsaleiga og aðk. ræsting	24.811.850	23.191.880	-1.619.970	-7,0
Rafmagn og heitt vatn	5.037.330	5.037.690	360	0,0
Verkkaup og byggingarvörur	652.931	692.878	39.947	6,0
Húsnæði samt.	30.502.111	28.922.448	-1.579.663	-5,0
Verkstæði og varahlutir	18.053	33.376	15.323	46,0
Brennsluefni og oliur	12.974	57.365	44.391	77,0
Bifreiðar og vélar samt.	31.027	90.741	59.714	66,0
Vextir, bætur, skattar samt.	203.123	65.709	-137.414	-209,0
Eignakaup samt.	11.001.432	10.890.000	-111.432	-1,0
Tilfærslur samt.	5.000	0	-5.000	n/m
Rekstrarkostnaður alls:	250.272.838	236.195.963	-14.076.875	-6,0
Sértekjur samt.	-18.741.136	-6.940.000	11.801.136	170,0
Gjöld umfram sértekjur	231.531.702	229.255.963	-2.275.739	-1,0
Aðrar rekstrartekjur samt.	-3.982.565	-4.470.000	-487.435	-11,0
Stofnun samtals	227.549.137	224.785.963	-2.763.174	-1,0

Samanburður rauntalna og fjárheimilda innan ársins 2006

Stofnana-númer:02306	Menntaskólinn á Ísafirði	Tímabil: 13-06
----------------------	--------------------------	----------------

Teg 1 Numer Lysing	Teg 2 Numer Lysing	Rauntölur ársins SUM	Fjárheimild ársins	Frávik ársins	Fluttar fjárheimildir	Heildarfrávik
4 - Tekjur	44 - Aðrar tekjur	-3.982.565	-2.700.000	1.282.565	0	1.282.565
	45 - SELD ÞJÓNUSTA (SÉRTEKJUR)	-185.000	-9.200.000	-9.015.000	0	-9.015.000
	46 - VÖRUSALA	-1.878.075	0.	1.878.075	0	1.878.075
	47 - FRAMLÖG OG ÝMSAR TEKJUR	-16.678.061	0.	16.678.061	0	16.678.061
Samtals		-22.723.701	-11.900.000	10.823.701	0	10.823.701
5 - GJÖLD, ALMENN	51 - LAUNAGJÖLD	183.405.353	180.600.015	-2.805.338	-9.004.174	-11.809.512
	52 - VÖRUKAUP, ALMENN	11.304.547	38.784.029	27.479.482	0	27.479.482
	53 - VÖRUKAUP, SÉRGREIND	876.878	0.	-876.878	0	-876.878
	54 - ÞJÓNUSTA I	11.258.291	0.	-11.258.291	0	-11.258.291
	55 - ÞJÓNUSTA II	32.218.214	0.	-32.218.214	0	-32.218.214
	57 - FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR, BÆTUR, TRYGGINGAR OG OPINBER	203.123	0.	-203.123	0	-203.123
	58 - EIGNAKAUP	11.001.432	5.600.000	-5.401.432	0	-5.401.432
59 - TILFÆRSLUR, FRAMLAGSFÉ O.FL.	5.000	0.	-5.000	0	-5.000	
Samtals		250.272.838	224.984.044	-25.288.794	-9.004.174	-34.292.968
Alls		227.549.137	213.084.044	-14.465.093	-9.004.174	-23.469.267

Árið 2006 greiddi Menntaskólinn á Ísafirði laun til Ólínu Þorvarðardóttur fyrir hönd Menntamálaráðuneytisins frá 1. ágúst og jafnframt þann 1. febrúar (leiðréttingar). Einnig greiddi MÍ þátttakendum úr hópi starfsmanna yfirvinnutíma vegna vinnu með sálfræðingunum Gylfa og Þórkötu. Inn á yfirlitið vantar endurgreiðslu á þessu eða samtals kr. **6.416.548** (laun Ólínu kr. 4.084.373 og vinna með sálfræðingum kr. 2.332.174).

Nýtt námsframboð

Samfélagið hér kallar eftir nýju námsframboði. Innan skólans er nú unnið að áætlun um nám í **samfélagstúlkun**, byggt á hugmyndum frá Fjölmenningssetrinu.

Grunnnám í múrverki fór af stað nú um áramótin og er það samþætt grunnnámi í öðrum byggingagreinum.

Viðskipta- og hagfræðibraut hefur verið endurvakin í menntamála-ráðuneytinu og mun skólinn bjóða þá braut aftur.

Skólinn óskar eftir að fá að ganga til samstarfs við fyrirtækið 3X-Stál um nám í **stálsmíði** til sveinsprófs. Nú þegar liggur fyrir listi 10 nemenda sem óska eftir þessu námi næsta vetur.

Við skólann vantar verknám sem höfðar til stúlkna. Óskað er eftir að skólinn fái að bjóða **grunnnám snyrtigreina** (snyrti- og hársnyrtifræði). Skólinn hefur þegar tryggt sér góðan réttindakennara í þessum greinum ef af verður.

Skólinn vill bjóða innflytjendum á svæðinu **aðfaranám í íslensku** til að þeir geti síðan stundað almennt nám við skólann.

Vottunarkerfi

Skólinn verður trúlega að taka upp vottunarkerfi í verknámi vegna þess að viðtökuskólar nemenda eru með slíkt kerfi. Því fylgir mikil vinna og kostnaður og þarf skólinn stuðning menntamálaráðuneytisins fyrir því.

Lokaorð

Skólastarfið í MÍ hefur gengið vel í vetur að mínum dómi. Starfsmenn eru áhugasamir og nemendur virðast ánægðir með skólann sinn. Fjárhafurinn er erfiður og skuldahalinn lengdist á síðasta ári. Við því hefur verið brugðist bæði innan skólans og í menntamálaráðuneytinu og vonandi tekst að hagræða þannig að endar nái saman.

Ísafirði 21. febrúar 2007,

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir
skólameistari